

Samantekt frá málstofu í Laugalækjarskóla 11. nóvember 2013

Fundarstjóri var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Viðfangsefnið var **Námsmat við lok grunnskóla í ljósi nýrrar aðalnámskrár** og þremur spurningum var varpað fram til að vekja umræður:

- Hvaða leiðir geta skólar farið til að tryggja nemendum tækifæri og tíma til að sýna fram á hámarkshæfni sína á hverju sviði
- Hvernig á að skera úr um hvort nemandi fær A eða B með tilliti til hins óskýra orðalags matsviðmiðanna?
- Þarf nemandi að uppfylla öll matsviðmið í A-flokki til að fá A? Ef ekki, hvernig á þá að finna út úr því?

Þar sem um var að ræða viðfangsefni sem snertir aðallega elsta stig grunnskólans, fóru umræður ekki fram í hópum eftir stigskiptingu í yngsta, mið- og elsta stig. Skipt var í þrjú hópa og fundarstjóri fór reglulega á milli til þess að fylgjast með umræðum og eftir atvikum leggja sitt til málanna. Beðið var um að niðurstöður yrðu settar fram í stuttum, aðskildum setningum sem lýstu því sem til umræðu var. Reynt var þó að hafa athugasemdirnar það ítarlegar að þær skiluðu innihaldi umræðnanna. Hér fyrir neðan eru umræður í hópunum raktar með þessum hætti:

Skerpa verður á viðmiðum sem liggja til grundvallar einkunnunum A, B og C

Skýra hvað liggur að baki hæfniviðmiðum

Sóknarfæri í nýju námsmati: Taka mætti upp sjálfsmat nemenda

Námsmat verði fjölbreyttara og meti fjölbreytni í vinnubrögðum eins og þverfagleg verkefni

Skólarnir geta tryggt nemendum tækifæri og tíma til að sýna hæfni sína með því að ástunda fjölbreytta kennsluhætti, samþættingu námsgreina. Hugsa þarf meira í sviðum en ekki í einstökum námsgreinum. Gefa þarf skólum færi á sjálfstæði

Valið milli A og B ætti að vera á ábyrgð skólanna, sem settu sér eigin viðmið. Setja þarf niður mælanleg atriði til að rökstyðja hvers vegna nemandi fær B en ekki A.

Nemandi ætti ekki að þurfa að uppfylla öll matsviðmið í A-flokki til að fá þá einkunn, heldur kemur það í hlut hvers skóla að skera úr um það.

Hver er hvatningin fyrir nemendum að standa sig betur?

Ætti að vera próf í anda PISA?

Hvað með framhaldsskólann - hverjir komast inn?

Er að marka tölurnar? eru þær eins alls staðar? eru þær sambærilegar? Er verðbólga í einkunnum?

þarf ekki að gefa út gátlista? Hver býr þá til?

Hverjir hagnast á því að „fela sig“ á bak við skalann A, B, C, D?

Útilokað er að skólar geti tryggt nemendum tíma og tækifæri til að sýna hæfni á öllum sviðum.

Hvernig verða viðbrögð foreldra?

Eiga gátlistar að koma frá ráðuneytinu?

Hæfniviðmiðin eru opin og huglæg. Hvaða viðfangsefni hæfa viðmiðunum?